

**Nr. 098 / 09 Barði NK 120*****Eldur í höfn***

Skipaskr.nr. 1976  
Smíðaður: Flekkefjord Noregi, 1989 stál  
Stærð: 598,7 brl. 1166,5 bt.  
Mesta lengd: 51,14 m Skráð lengd: 47,42 m  
Breidd: 12 m Dýpt: 7,15 m  
Vél: MaK 1840 kW 1988  
Fjöldi skipverja: 21



Barði ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 1. ágúst 2009 var Barði NK 120 við bryggju á Norðfirði.

Skipið var mannlaust við bryggjuna og um kl. 03:20 varð vart við reyk frá því. Slökkvilið var kallað á staðinn og fóru tveir reykkafarar um borð til að staðsetja eldinn. Í ljós kom að eldur var laus á vinnsluþilfari. Nokkrir forráðamenn útgerðar og skipverjar komu á staðinn og aðstoðuðu slökkviliðið, með teikningum af skipinu, við að finna bestu leiðir að eldinum. Niðurstaðan varð sú að setja krana í gang og opna lestarlúgu. Vegna mikils hita var sjó dælt á milliþilfarið.

Kl. 04:21 var slökkvistarfi lokið og skipið reykræst en öllu starfi slökkviaðila var lokið kl. 06:21.

Talsverðar skemmdir urðu í rýminu. Mestar skemmdir urðu á loftaklæðningu aftan við löndunarlúgu miðskips og augljóst að þar var hitinn mestur. Aðrar skemmdir voru á búnaði á þilfarinu s.s. á færiband, sjórörum úr plasti og nokkrum raflögnum auk reykskemmda í vélarúmi og íbúðum.

***Við rannsókn kom fram:***

- að eldurinn kviknaði út frá framlengingarsnúru sem notuð var til tengingar á lausum hitablásara á vinnsluþilfarinu. Rafmagnsleiðslan var upprúlluð á kefli og höfðu báðir endar hennar verið dregnir út til tengingar, annars vegar u.þ.b. 3,0 m í hitablásarann og hinsvegar u.þ.b. 1,5-2,0 m í rafmagnstengil í lofti. Viðnám náði að myndast í rafmagnsleiðslunni á keflinu með þeim afleiðingum að hún hitnaði mikið og eldur kviknaði;

- að hitablásarinn hafði verið settur í rýmið tveimur dögum áður til þess að þurrka þilfarið vegna vinnu við það. Um var að ræða þriggja kílówatta hitablásara og hafði hann verið settur fyrir framan færiband nr. 8 og látinn blása niður á þilfarið;
- að samkvæmt reglum um raforku og raflagnir í skipum nr. 28/1977 með síðari breytingum eiga framlengingarsnúrur að vera úr olíuþolnu efni og gerðar fyrir það álag (straumþol) sem þeim er ætlað að flytja. Gæta verður að samræmi sé á milli varsins og sverleika leiðarans. Mikilvægt er að snúrurnar séu ekki yfirlestaðar og þær séu ekki skemmdar en við það getur skapast hætta á raflosti og/eða íkveikju. Einnig getur spönn myndast þegar snúrur eru vafðar á kefli og flutningsgeta þá rýnað með þeim afleiðingum að hitamyndun verði sem getur orsakað bruna;
- að hurðir að vélarúmi og íbúðum voru ekki eða illa lokaðar sem orsakaði reykskemmdir á þessum rýmum;
- að svipað mál hefur verið áður til umfjöllunar hjá RNS. *Sjá mál nr. 06008.*

#### ***Nefndarálit:***

Orsök eldsins var sjálfsíkveikja sem rakin er til hitamyndunar í vafningum framlengingarsnúrunnar þegar of mikil orka fór um hana.

#### ***Sérstök ábending:***

Nefndin hvetur aðila til að kynna sér vel reglur um rafmagnsleiðslur og meðferð þeirra.